

# Íslenskar landsbyggðir og byggðafélagsfræði

Þóroddur Bjarnason

Prófessor við Háskólann á Akureyri

**Útdráttur:** Samanburður fjölbreyttra, síbreytilegra nútímasamfélaga við hefðbundin landbúnaðarsamfélög fyrri tíma var frumkvöðlum félagsfræðinnar hugleikinn. Á 20. öldinni þróaðist byggðafélagsfræðin sem sérvið félagsfræðinnar sem fjallaði um eðli og þróun samfélaga í sveitum, þorpum og bæjum og tengsl þeirra við stórar og smáar borgir. Þannig skarast byggðafélagsfræðin við margvíslegar aðrar undirgreinar félagsfræðinnar, jafnframt því sem hún er ein helsta stoðgrein þverfaglegra byggðarannsóknna. Á Íslandi hófust rannsóknir á þessu sviði á síðari hluta 20. aldar en byggðafélagsfræðin skaut þó ekki djúpum rótum í íslensku fræðasamfélagi fyrr en undir lok síðustu aldar. Rannsóknir allmargra íslenskra félagsfræðinga hafa skýra skírskotun til byggðamála en jafnframt hafa margir hagfræðingar, landfræðingar, mannfræðingar, stjórnmálafræðingar og sérfræðingar í öðrum greinum félagsvísindanna lagt þar hönd á plóg. Í þessari yfirlitsgrein er fjallað um stöðu byggðafélagsfræðilegrar þekkingar á búferlaflutningum, atvinnu- og efnahagsþróun, menntun, verslun og þjónustu, félagslegum tengslum og öðrum búsetugæðum með tilvísunum til á annað hundrað birtra rannsókna. Bent er á ýmis viðfangsefni sem lítt hafa verið skoðuð frá sjónarhóli byggðamála og framtíðarhorfur byggðafélagsfræðinnar metnar.

**Lykilorð:** • Byggðafélagsfræði • landsbyggðir • félagsfræði félagsfræðinnar • búferlaflutningar

**Abstract:** The pioneers of sociology were preoccupied with comparing diverse, rapidly changing modern societies to earlier, traditional agricultural societies. Rural sociology developed in the 20th century as a distinct subfield of sociology concerned with the nature and development of farms, villages and towns and their relations with large and small cities. Rural sociology thus intersects with various other fields of sociological inquiry and undergirds rural studies in general. Rural studies started in Iceland in the second half of the 20th century but rural sociology only became deeply embedded in the Icelandic academic community at the turn of the century. Several Icelandic sociologists as well as economists, geographers, anthropologists, political scientists and other social scientists have contributed to the rural sociology of Iceland. This article reviews the state of Icelandic rural sociological knowledge on migration, economic and occupational development, education, commerce and services, social regions and other residential amenities. Several topics for further rural studies are identified and the future of Icelandic rural sociology is assessed.

**Keywords:** • Rural sociology • rural areas • sociology of sociology • migration

## Inngangur

Á Vesturlöndum var hraður vöxtur þéttbýlis á 19. öld samofinn umbyltingu á framleiðslu og atvinnuháttum, stjórnámum, hugarfari og félagslegum tengslum (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005). Frumkvöðlar félagsfræðinnar leituðust við að skilja þá nýju samfélagsgerð sem virtist vera í fæðingu og lögðu hver með sínum hætti áherslu á andstæðurnar milli fjölbreytni hinna nýju borgarsamfélaga og fábreytni aldagamalla landbúnaðarsamfélaga. Hin nýja fræðigreinin mótaðist mjög af forsendum þessara kenningasmiða sem voru vitaskuld hvítir karlar úr efri stéttum öflugustu iðnvelda 19. aldarinnar. Þeir voru jafnframt borgarþúar sem flestir lifðu og störfuðu í helstu heimsborgum þess tíma og gengu út frá því sem vísu að framtíð mannkyns væri í borgum en fortíð þess í sveitum.

Þannig voru andstæðurnar milli hins hefðbundna, einsleita og lokaða nærsamfélags, sem einkenndist af sterkum og langvarandi tilfinningatengslum, og hins nútímalega, fjölbreytta og opna borgarsamfélags, sem einkenndist af fjölbreyttum, veikum og skammvinnum tengslum, til dæmis lykilatriði í kenningum Tönnies (1887), Durkheim (1893) og Simmel (1903). Munurinn á félagslegum tengslum í einföldum og flóknum samfélögum hefur upp frá því verið meðal mikilvægra viðfangsefna félagsfræðinnar, þótt áherslan á tvískiptingu þéttbýlis og dreifbýlis hafi fljótlega vikið fyrir þeirri nálgun að kvarða ólík samfélög og hópa eftir þáttum á borð við samþættingu og reglufestu (Durkheim, 1897), hefðarveldi og regluveldi (Weber 1922) eða félagsleg mynstur væntinga (Parsons, 1951).

Í félagsfræði samtímans má sjá skýrt dæmi um þessa nálgun frumkvöðla félagsfræðinnar í kenningum um félagslegan auð á grundvelli styrks og fjölbreytileika tengsla, fyrirsjáanleika, trausts og sameiginlegra viðhorfa (Coleman, 1988; Granovetter, 1973; Putnam, 2001). Minni samfélög eru þannig talin einkennast af bindandi félagslegum auð (e. *bonding social capital*) eða þéttu neti félagslegra tengsla, sterkri samsömun íbúanna og miklu trausti þeirra á milli (sjá t.d. Besser, 2009; Steinführer, Vaishar og Zapletalová, 2016; Svendsen og Svendsen, 2016). Fjölbreytt borgarsamfélög einkennist hins vegar af brúandi félagslegum auð (e. *bridging social capital*) eða samspili formlegra stofnana og þéttriðnu neti persónulegra tengsla sem gefi borgarsamfélögunum og íbúum þeirra samkeppnisforskot í hnattvæddum heimi (sjá t.d. Caragliu, Del Bo og Nijkamp, 2011; Galaso, 2018; Portes, 1998).

Byggðafélagsfræði (e. *rural sociology*) þróaðist snemma sem sérstakt svið félagsfræðinnar sem fjallaði um eðli og þróun samfélaga í sveitum, þorpum og bæjum og tengsl þeirra við stórar og smáar borgir. Þannig skarast hún við margvísleg önnur svið félagsfræðinnar, svo sem félagsfræði borgarsamfélaga, efnahagslífs, vinnumarkaða, menntunar, umhverfis, afbrota, fjölskyldna og öldrunar, svo fátt eitt sé nefnt. Líkt og ýmis önnur svið félagsfræðinnar hefur byggðafélagsfræðin jafnframt þróast í nánú samspili við ýmsar aðrar fræðigreinar, sérstaklega landfræði, hagfræði og mannfræði. Byggðafélagsfræðin er þannig ein helsta stoðgrein þverfaglegra byggðarannsóknna (e. *rural studies*) og svæðisrannsóknna (e. *regional studies*) en virðist oft laustengdari megintraumi og helstu stofnunum almennrar félagsfræði.

### Viðfangsefni greinarinnar

Í þessari yfirlitgrein verður stiklað á stóru um sögu byggðafélagsfræðinnar og þróun íslenskra byggðarannsóknna. Búsetuánægja og búferlaflutningar verða notuð sem leiðarhnoður til að tengja

einstök viðfangsefni rannsókna á þessu sviði. Rannsóknir á þessu sviði eru þverfaglegar (e. *interdisciplinary*) eða fjölfaglegar (e. *multidisciplinary*) í eðli sínu og ekki er gerður sérstakur greinarmunur á félagsfræðilegum rannsóknum fræðafólks með prófgráðu í félagsfræði eða öðrum fræðigreinum á borð við landfræði, hagfræði, sagnfræði, mannfræði eða stjórnmálafræði. Vegna takmarkaðs rýmis verður ekki fjallað um erlendar rannsóknir á hverju viðfangsefni en stöðu þekkingar er gerð góð skil í handbók Shucksmith og Brown (2016) um alþjóðlegar byggðarannsóknir, jafnframt því sem nánari umfjöllun má vitaskuld finna í þeim íslensku fræðigreinum sem vísað er til í þessu yfirliti.

Fjallað verður sérstaklega um íslenskar rannsóknir á búferlaflutningum; atvinnu- og efnahagsmálum; menntamálum; verslun og þjónustu; félagslegum tengslum; og húsnæði og umhverfi. Umfjöllun um einstaka undirskipaða hópa, svo sem konur, ungt fólk og innflytjendur er fléttað inn í hvern kafla fyrir sig.

## Af sögu byggðafélagsfræði og íslenskra byggðarannsókna

Á síðari hluta 19. aldar voru stofnaðir rúmlega sjötíu landhaskólar (e. *land-grant universities*) í Bandaríkjunum, en þeir fengu landareignir sem stofnfé og áttu að leggja sérstaka áherslu á ýmis hagnýt svið landbúnaðar og verkfræði. Byggðafélagsfræðin varð fljótt öflug innan slíkra háskóla og rannsóknir á því sviði nutu um árabil umtalsverðs stuðnings landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna (Nelson, 1969). Árið 1937 klufu byggðafélagsfræðingar sig úr samtökum bandarískra félagsfræðinga og stofnuðu sérstök samtök byggðafélagsfræðinga (*Rural Sociological Society*) og fræðitímaritið *Rural Sociology*. Upp frá því hefur byggðafélagsfræði ekki verið meðal rúmlega fimmtíu undirfélaga (e. *sections*) heildarsamtaka bandarískra félagsfræðinga (*American Sociological Association*).

Samtök evrópskra byggðafélagsfræðinga (*European Society for Rural Sociology*) voru stofnuð árið 1957 og tímarit þess, *Sociologia Ruralis*, hóf göngu sína 1960. Evrópsk samvinna félagsfræðinga á sviði byggðamála hófst þannig nærri fjórum áratugum áður en samband evrópskra félagsfræðinga var stofnað árið 1994. Samtök evrópskra byggðafélagsfræðinga standa annað hvert ár fyrir evrópskri ráðstefnu um byggðarannsóknir sem sótt er af fræðimönnum úr öllum greinum félagsvísinda. Alþjóðasamband byggðafélagsfræðinga (*International Rural Sociology Association*) var stofnað árið 1976 og stendur á fjögurra ára fresti að heimsþingi byggðafélagsfræðinga. Norrænt samstarf á sviði byggðafræði hófst með reglulegri ráðstefnu undir merkjum *Nordic Ruralities*, sem fyrst var haldin árið 2010, og samtök norrænna byggðafræðinga (*Nordic Association for Rural Research*) voru stofnuð árið 2018. Samtök íslenskra byggðafræðinga hafa hins vegar ekki enn verið stofnuð.

### Þróun íslenskrar byggðafélagsfræði

Fram undir lok síðustu aldar birtust afar fáar rannsóknir á sviði byggðafélagsfræði hér á landi. Jóhannes Nordal (1953), sem fyrstur Íslendinga lauk doktorsprófi í félagsfræði, skrifaði þó lokaritgerð sína um áhrif nýrra atvinnuvega og vaxandi þéttbýlis á stéttskiptingu og félagslegan hreyfanleika frá lokum 18. aldar fram að síðari heimsstyrjöld. Árið 1963 birtist greining Valdimar Kristinssonar viðskipta- og landfræðings á þróunarsvæðum landsins þar sem hann spáði af mikilli glöggskyggni fyrir um byggðaþróun á Íslandi næstu hálfu öldina. Árið 1968 bar Þorbjörn Broddason (1970) saman sjónvarpsáhorf, bóklestur og viðhorf barna í Reykjavík, í Vestmannaeyjum og á Akureyri, en útsendingar hins nýstofnaða Ríkissjónvarps náðust þá aðeins

á suðvesturhorni landsins, og árið 1973 birtist rannsókn Sigurðar Guðmundssonar skipulagsfræðings á búferlaflutningum innanlands. Að öðru leyti var landnám félagsfræðinnar og annarra félagsvísinda á Íslandi að mestu bundið við borgarsamfélag höfuðborgarsvæðisins.

Íslenskar sjávarbyggðir komu fyrst verulega við sögu íslenskrar félagsfræði á níunda og tíunda áratug síðustu aldar í rannsóknum sem tengdust breytingum í sjávarútvegi með innleiðingu kvótakerfisins og tæknivæðingu í veiðum og vinnslu. Á þeim tíma beindist athygli félagsfræðinga og mannfræðinga sérstaklega að hlutfallslegu mikilvægi tækni og mannauðs í aflabrogðum (Gísli Pálsson, 1989, 1998; Gísli Pálsson og Agnar Helgason, 1995; Gísli Pálsson og Paul E. Durrenberger, 1982; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1993; Þórólfur Þórlindsson, 1988, 1994) og stöðu fiskverkakvenna í þeim breytingum sem þá gengu yfir sjávarbyggðir (Guðbjörg L. Rafnsdóttir og Unnur D. Skaptadóttir, 1997; Unnur Dís Skaptadóttir, 2000a, 2000b, Unnur D. Skaptadóttir og Guðbjörg L. Rafnsdóttir, 2000).

Undir lok síðustu aldar vaknaði jafnframt umtalsverður áhugi íslenskra fræðimanna á búferlaflutningum og orsökum þeirra. Þar má sérstaklega nefna rannsóknir Gísla Á. Gunnlaugssonar (1993) sagnfræðings á fólksfjölda- og byggðapróun frá síðari hluta 19. aldar til síðari hluta 20. aldar og rannsókn Hjálta Jóhannessonar (1990) landfræðings á áhrifum mannfjölda, fjarlægða og fjölbreytni atvinnulífs á búferlaflutninga. Það var þó með rannsókn Stefáns Ólafssonar (1997) á orsökum búferlaflutninga sem segja má að byggðafélagsfræði hafi loks skotið djúpum rötum hér á landi. Í þeirri rannsókn fjallar Stefán um ýmsar alþjóðlegar kenningar og rannsóknahefðir á því sviði og notar spurningakannanir og gögn Hagstofunnar til að setja þær í íslenskt samhengi. Sama ár birtist doktorsritgerð Gylfa Magnússonar (1997) hagfræðings um búferlaflutninga innan lands og utan og í kjölfarið rannsóknir annarra hagfræðinga á hagrænum orsökum búferlaflutninga (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Gylfi Zoega og Marta G. Skúladóttir, 2002).

Frá síðustu aldamótum hafa rannsóknir á flestum sviðum byggðamála farið ört vaxandi og byggðafélagsfræðin hefur áunnið sér traustan sess innan íslenskrar félagsfræði. Vöxt byggðafélagsfræðinnar má til dæmis sjá af birtum greinum í *Íslenska þjóðfélaginu*, tímariti Félagsfræðingafélags Íslands. Frá því tímaritið hóf göngu sína árið 2010 hefur réttur þriðjungur allra birtra greina haft beina skírskotun til byggðafélagsfræði (Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson, 2017). Þar af voru fimm greinar í sérhefti um áhrif Héðinsfjarðarganganna á Mið-Norðurlandi en meðal annarra viðfangsefna má nefna orsakir búferlaflutninga á Vesturlandi (Vífill Karlsson, 2013b), atvinnustefnu á Vestfjörðum (Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2016), líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi (Valdimar Briem og Tinna K. Halldórsdóttir, 2011) og umhverfisstjórnun, náttúrutengsl og ferðamennsku á Suðurlandi (Hugrún H. Reynisdóttir og Gunnar Þ. Jóhannesson, 2016).

## Búferlaflutningar og búsetuþróun

Mannfjöldaþróun á tilteknu svæði ræðst annars vegar af náttúrulegri fjölgun (fæðingum að frádregnum dauðsföllum) og hins vegar af flutningsjöfnuði (aðfluttum að frádregnum brottfluttum) (Stefán H. Jónsson, 2017). Á Íslandi hefur fólki fjölgað á hverju ári síðustu 130 árin eða frá 1888 til 2018, að árinu 2009 undanskildu (Hagstofa Íslands, 2019a). Flutningsjöfnuður gagnvart öðrum löndum var að jafnaði neikvæður fram undir lok 20. aldar þótt talsverður munur væri milli ára. Náttúruleg fólksfjölgun hefur hins vegar verið stöðug og frá lokum síðari

heimsstyrjaldar hafa fæðingar verið 2–3 þúsund fleiri en dauðsföll á hverju ári (Hagstofa Íslands, 2019b). Með öldrun þjóðarinnar hefur fæðingum þó fækkað og dauðsföllum fjölgað og því hefur jafnt og þétt dregið úr náttúrulegri fjölgun. Samkvæmt miðspá Hagstofu Íslands (2019c) verða dauðsföll orðin fleiri en fæðingar árið 2060 en samkvæmt lágspánni verður þeim vatnaskilum náð strax árið 2040.

Vegna búferlaflutninga innanlands hefur fjölgun þjóðarinnar að stórum hluta komið fram á höfuðborgarsvæðinu. Náttúruleg fólksfjölgun utan höfuðborgarsvæðisins hefur engu að síður að jafnaði verið meiri en sem nemur fækkun vegna búferlaflutninga og til lengri tíma litið hefur íbúum flestra landsvæða því farið fjölgandi. Jafnframt hefur orðið umtalsverð þéttbýlisvæðing innan einstakra svæða þar sem fólki hefur almennt fjölgað í stærri þéttbýliskjörnum en fækkað í þorpum og sveitum (Vífill Karlsson, 2012, 2013a). Í strjálbýli fækkaði íbúum allt frá lokum 19. aldar þótt sú þróun hafi stöðvast og jafnvel snúist við á allra síðustu árum (Hagstofa Íslands, 2019h).

Á Íslandi flytja víða 6–10% mannfjöldans frá einstökum byggðakjörnum á ári hverju og svipað hlutfall flytur til þeirra í staðinn (Þóroddur Bjarnason, 2011a). Fjölgun eða fækkun ræðst því af flutningsjöfnuði aðfluttra umfram brottflutta fremur en einhliða straumi fólks frá einu svæði til annars. Flutningsjöfnuður höfuðborgarsvæðisins innanlands hefur nær alltaf verið jákvæður gagnvart landinu í heild en flutningsjöfnuður annarra landshluta var lengst af ýmist neikvæður eða í jafnvægi (Hagstofa Íslands, 2019d). Á allra síðustu árum hefur flutningsjöfnuður suðvestursvæðisins og sérstaklega Suðurnesja þó verið jákvæður gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Þar sem yngra fólk er líklegra til að flytja mun að líkindum draga verulega úr fólksflutningum innanlands með öldrun þjóðarinnar (Ingunn S. Þorsteinsdóttir og Sigurður Snævarr, 2014). Jafnframt hefur dregið jafnt og þétt úr búferlaflutningum milli höfuðborgarsvæðisins og fjarlægari landshluta á undanförunum áratugum (Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2019).

Brottflytningur kvenna hefur verið talinn eitt sterkasta einkenni dreifbýlla samfélaga í vanda og utan höfuðborgarsvæðisins eru konur víðast hvar færri en karlar (Anna K. Gunnarsdóttir, 2009; Árni Ragnarsson, 2017). Það vekur því nokkra athygli að innanlands er flutningsjöfnuður karla og kvenna gagnvart höfuðborgarsvæðinu nú svipaður og hlutföll kynjanna hafa jafnast í flestum landshlutum (Magnfríður Júlíusdóttir, Unnur D. Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir, 2013). Í viðamikilli könnun meðal íbúa minni bæja og þorpa reyndist jafnframt lítill munur á búferlafyrirætlunum karla og kvenna (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Á þeim svæðum þar sem fólksfækkunar gætti á tímabilinu 1998–2010 var fækkun íslenskra karla raunar meiri en fækkun íslenskra kvenna, en erlendum körlum og konum fjölgaði í öllum landshlutum. Þetta mynstur gengur gegn viðteknum hugmyndum um brottflytning kvenna úr strjálbýli til þéttbýlis, en flutningstölur Hagstofu Íslands (2019d) benda til þess að ójafnt kynjahlutfall í mörgum smærri byggðarlögum skýrist fremur af lágu hlutfalli aðfluttra kvenna en háu hlutfalli brottfluttra kvenna.

Öll landsvæði á Íslandi hafa jákvæðan flutningsjöfnuð gagnvart öðrum löndum (Hagstofa Íslands, 2019d) og vegur það að hluta til upp á móti neikvæðum flutningsjöfnuði innanlands. Hæst er hlutfall erlendra ríkisborgara 15% á Suðurnesjum og 12% á Vestfjörðum en lægst 5% á Norðurlandi vestra og 6% á Norðurlandi eystra (Hagstofa Íslands, 2019e). Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfall erlendra ríkisborgara nálægt landsmeðaltali eða tæp 9%. Á tímabilinu 1998–2010 fjölgaði erlendum ríkisborgurum í öllum landshlutum en íslenskum ríkisborgurum fækkaði á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi (Magnfríður Júlíusdóttir,

Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir, 2013). Sú þróun er þó nokkuð misjöfn milli landshluta (Hagstofa Íslands, 2019e). Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði til dæmis íslenskum ríkisborgurum í Reykjavík en fjölgaði utan hennar. Hins vegar fjölgaði íslenskum ríkisborgurum á Akureyri en fækkaði annars staðar á Norðurlandi.

## Búsetuþróun á höfuðborgarsvæðinu

Samþjöppun fólks á einu borgarsvæði er meiri á Íslandi en í flestum öðrum löndum. Axel Hall o.fl. (2002) telja að í fyrstu hafi þessi samþjöppun í Reykjavík verið nauðsynleg til að halda niðri flutnings- og viðskiptakostnaði í landi þar sem fólksfjölgun var mikil, framleiðni í landbúnaði lítil og samgöngur og aðrir innviðir frumstæðir. Þegar höfuðborgarsvæðið komst á skrið hafi hins vegar hafist sjálf nærandi hringrás þar sem sífellt meiri mannfjöldi skapaði sífellt fleiri tækifæri sem drógu sífellt fleiri til borgarsamfélagsins á suðvesturhorninu. Á sama tíma hafi framfarir í tækni, framleiðsluháttum, viðskiptum, menntun, þjónustu og kröfum til lífsgæða aukið hlutfallslega yfirburði höfuðborgarsvæðisins á kostnað annarra landsvæða. Axel Hall o.fl. (2002) töldu líklegt sá vöxtur héldi áfram og styrktist jafnvel á komandi árum.

Íbúum núverandi höfuðborgarsvæðis fjölgaði úr níu þúsund við upphaf 20. aldar í fimmtíu þúsund við lok síðari heimsstyrjaldar, tæp 180 þúsund við upphaf 21. aldar og 228 þúsund í ársbyrjun 2019 (Hagstofa Íslands, 2019a, 2019f). Á fyrri hluta 20. aldar var vöxturinn mestur í Reykjavík en frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur vöxtur nágrannasveitarfélaga hennar verið umtalsvert hraðari en vöxtur borgarinnar sjálfar. Hlutdeild Reykjavíkur í mannfjölda höfuðborgarsvæðisins lækkaði af þeim sökum úr 88% árið 1945 í 57% árið 2018. Pólitísk landamerki skipta þó oft takmörkuðu máli fyrir daglegt líf á höfuðborgarsvæðinu og færa má fyrir því sterk rök að líta beri á Reykjavík og nágrannasveitarfélög hennar sem eina borg þótt hún skiptist í sex sveitarfélög og þrjú kjördæmi til Alþingis.

Um síðustu aldamót töldu ýmsir fræðimenn að hrun landsbyggðanna væri yfirvofandi og borgríkið Ísland væri á næsta leiti. Þannig benti Stefán Ólafsson (1997) á að straumur fólks til höfuðborgarsvæðisins hefði aukist undir lok aldarinnar og taldi áform landsbyggðafólks benda til þess að sá straumþungi héldist óbreyttur. Með sama hætti töldu Axel Hall o.fl. (2002) að „búsetubyltingin hin seinni“ væri hafin þar sem landsmenn flyttu til Reykjavíkur frá minni byggðarkjörnum um allt land. Um svipað leyti fullyrti Jón R. Sveinsson (2000) að baráttunni um jafnvægi í byggð landsins væri lokið með sigri höfuðborgarsvæðisins og Ágúst Einarsson (2005) lýsti því yfir að í samanburði við önnur lönd væri landsbyggðin í raun horfin á Íslandi og móta þyrfti nýja byggðastefnu þar sem stefnt yrði að uppbyggingu milljónaborgar á suðvesturhorni landsins. Á síðustu áratugum hefur hins vegar dregið umtalsvert úr flutningi fólks frá öðrum landshlutum (Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2019) og fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu byggir nú um stundir einkum á náttúrulegri fjölgun íbúanna og aðflutningum fólks frá öðrum löndum (Hagstofa Íslands, 2019d).

### *Búsetuþróun í landsbyggðunum*

Árið 1963 spáði Valdimar Kristinsson umtalsverðri fólksfjölgun vegna bættra samganga á áhrifasvæði Reykjavíkur, allt frá ofanverðum Borgarfirði út á Reykjanes og austur undir Eyjafjöll. Slík þróun var þó lengi vel hæg hér á landi og fólksfjölgun kom einkum fram á höfuðborgarsvæðinu sjálfu (Axel Hall o.fl., 2002; Stefán Ólafsson, 1997). Frá síðustu aldamótum hefur hraði íbúafjölgunar innan klukkustundar aksturs frá Reykjavík hins vegar aukist og er

fólksfjölgun á þessu suðvestursvæði landsins nú talsvert meiri en á höfuðborgarsvæðinu. Þannig fjölgaði íbúum suðvestursvæðisins um 47% á tímabilinu 2001–2018, samanborið við 27% fjölgun á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 2019a). Hraður vöxtur suðvestursvæðisins skýrist einkum af jákvæðum flutningsjöfnuði gagnvart höfuðborgarsvæðinu annars vegar og gagnvart öðrum löndum hins vegar.

Valdimar Kristinsson (1963) taldi jafnframt að Akureyri væri eini möguleiki Íslendinga til að byggja aðra sjálfstæða borg í fyrirsjáanlegri framtíð. Þar væri mannfjöldinn mestur, atvinnulífið fjölbreyttast og aðstæður að mörgu leyti svipaðar og í höfuðborginni með minni bæi í nágrenninu og landbúnaðarhéruð á báðar hliðar. Íbúum Akureyrar fjölgaði úr þúsund við upphaf 20. aldar í rúmlega sex þúsund við lok síðari heimsstyrjaldar, um fimmtán þúsund við upphaf 21. aldar og tæplega nítján þúsund í ársbyrjun 2019 (Hagstofa Íslands, 2019f, 2019g). Um 40% íbúa Akureyrar eru aðfluttir (Þóroddur Bjarnason, 2018a) en Akureyri sker sig jafnframt frá öðrum svæðum utan suðvestursvæðisins með því að draga til sín fleiri ungar konur en fara þaðan (Magnfríður Júlíusdóttir, Unnur D. Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir, 2013). Hins vegar var hlutfall íbúa af erlendum uppruna aðeins um 3% á Akureyri, samanborið við 10% annars staðar á Norðurlandi eystra, 9% á höfuðborgarsvæðinu og 11% annars staðar á landinu (Hagstofa Íslands, 2019e).

Flestir þéttbýliskjarnar utan suðvesturhornsins og Akureyrar voru í vexti fram á níunda áratug 20. aldarinnar en þróun einstakra byggðarlaga hefur verið misjöfn eftir það (Hagstofa Íslands, 2019a, 2019f). Víða hefur mannfjöldinn verið nokkuð stöðugur en sums staðar hefur fólksfækkun þó verið viðvarandi (Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012). Á hinn bóginn má sjá nokkur dæmi um viðsnúning mannfjöldaþróunar í kjölfar uppbyggingar á borð við fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum, iðnaðaruppbyggingu á Austurlandi og samgöngubætur á Mið-Norðurlandi (Hjalti Jóhannesson, 2010; Sigurður Árnason, 2017; Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson, 2014). Flestar sjávarbyggðir landsins stækkuðu með nokkuð línulegum hætti fram undir miðjan níunda áratugarins en þróun þeirra var mjög misjöfn eftir tilkomu kvótakerfisins (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2017; Kokorsch og Karl Benediktsson, 2018b). Íbúum minni sjávarþorpanna fækkaði um 37% milli 1984 og 2017 en stærri sjávarbyggðir hafa flestar vaxið eða staðið í stað.

Íbúum í strjálbýli fækkaði jafnt og þétt frá upphafi 20. aldar og Stefán Ólafsson (1997) sýndi fram á að þau svæði sem verst stóðu í lok aldarinnar höfðu tapað hlutfallslega mun fleira fólki vegna búferlaflutninga en nyrstu héruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Sérstaklega hefur börnum fækkað mikið í strjálbýli á sama tíma og þeim hefur fjölgað á landsvísu (Vífill Karlsson, 2015). Gera má ráð fyrir að fólksfækkun í strjálbýli endurspegli fyrst og fremst fækkun bænda og búaliðs þótt opinberar tölur greini raunar ekki með fullnægjandi hætti milli íbúa lögbýla og annarra íbúa utan skilgreindra þéttbýliskjarna. Á allra síðustu árum hefur hægst á þeirri þróun og hún jafnvel snúist við (Hagstofa Íslands, 2019h). Líklegt má telja að uppbygging í ferðaþjónustu eigi þar hlut að máli en búferlaflutningar í strjálbýli hafa lítið verið rannsakaðir hér á landi.

## Atvinnu- og efnahagsmál

Atvinna við hæfi og góð laun eru vitaskuld mikilvæg lífsgæði sem spá fyrir um búsetuánægju, búsetufyrirætlanir og búferlaflutninga (Anna K. Gunnarsdóttir, 2009; Stefán Ólafsson, 1997; Vífill Karlsson og Grétar Þ. Eyþórsson, 2009; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Hlutfall atvinnuleysis tengist þó ekki mannfjöldaþróun með skýrum hætti og atvinnuleysi er raunar oft

lágt á landsvæðum sem búa við mikla fólksfækkun (Árni Ragnarsson, 2017; Stefán Ólafsson, 1997). Atvinnumissir kann þannig frekar að leiða til búferlaflutninga frá svæðum þar sem atvinnulífið er einhæft og framboð sambærilegra starfa takmarkað en það hefur þó ekki verið rannsakað sérstaklega.

Mikill munur er á vinnumörkuðum einstakra svæða á Íslandi. Þannig eru verslun, fjármál, eignauskýsla og ýmis sérfræðiþjónusta langmikilvægustu atvinnugreinarnar á höfuðborgarsvæðinu en sjávarútvegur, landbúnaður, ferðaþjónusta eða stóriðja víðast hvar utan þess (Sigurður Jóhannesson, Sigurður Árnason og Snorri B. Sigurðsson, 2017). Vegna hlutfallslegrar stærðar sinnar hefur höfuðborgarsvæðið einnig umtalsvert vægi á landsvísi í þeim atvinnugreinum sem mikilvægastar eru í landsbyggðunum, jafnvel þótt aðeins lítill hluti allra starfa á höfuðborgarsvæðinu séu í þeim greinum. Þannig hefur höfuðborgarsvæðið umtalsverða yfirburði á ýmsum sérhæfðum sviðum en býður jafnframt upp á margvíslega starfsmöguleika í atvinnugreinum á borð við sjávarútveg, matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu og stóriðju.

Fjölbreytni vinnumarkaðar og samkeppni um vinnuafli hafa verið taldar helstu ástæður flutninga til höfuðborgarsvæðisins og um síðustu aldamót var meiri ánægja með atvinnumál þar en annars staðar á landinu (Stefán Ólafsson, 1997). Sérstaklega voru sérfræðingar og fólk í sérhæfðum tæknistörfum líklegra til að flytja til höfuðborgarsvæðisins en á ákveðnu aldursbili var fólk með minni menntun líklegra til að flytja frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta (Axel Hall o.fl., 2002). Þá hafði mat á atvinnumöguleikum mest forspárgildi um búsetufyrirætlanir unglunga í sjávarþorpum og sveitum en þau voru líklegust til að vilja búa áfram í heimabyggð ef foreldrar þeirra unnu við sjávarútveg eða landbúnað og þau höfðu sjálf áhuga á slíkum störfum (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006). Meðal þeirra íbúa smærri byggðarlaga sem ætluðu líklega eða örugglega að flytja á brott á næstu 2–3 árum sögðu 54% að eigin atvinnutækifæri skiptu þar miklu máli en 19% að slíkir möguleikar skiptu nokkru máli í þeirri ákvörðun (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Meðal þeirra sem ætla að vera um kyrrt segja á hinn bóginn 63% að atvinna sín skipti miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu og 17% að atvinnan skipti nokkru máli.

Rannsóknir hafa sýnt minni ánægju kvenna með búsetu sína í dreifbýlli byggðarlögum þar sem hefðbundin kvennastörf eru oft fábreytt, erfið og illa borguð og auknar kröfur eru gerðar um ólaunaða vinnu kvenna í þágu samfélagsins (Anna K. Gunnarsdóttir, 2009; Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005; Tinna K. Halldórsdóttir og Guðbjörg L. Rafnsdóttir, 2012; Vífill Karlsson, 2012). Sérstaklega hefur verkaskipting kynjanna verið talin hefðbundin í sveitum og sjávarþorpum landsins (Guðbjörg L. Rafnsdóttir, 2017; Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2009; Unnur D. Skaptadóttir, 2000c). Á hinn bóginn hefur því verið haldið fram að vinnustaðir í meira þéttbýli séu fjölskylduvænni og henti konum betur (Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005; Vífill Karlsson, 2012). Þá hefur stuðningur við atvinnusköpun í landsbyggðunum verið gagnrýndur fyrir að miðast við hefðbundin karlastörf og karla sem frumkvöðla (Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2016; Tinna K. Halldórsdóttir og Guðbjörg L. Rafnsdóttir, 2012).

Fjölbreytni vinnumarkaðar ræðst að hluta til af stærð vinnusóknarsvæða og stærð þéttbýlisstaða innan þeirra, en Byggðastofnun (2014) hefur skilgreint þrjátíu slík vinnusóknarsvæði á landinu. Samgöngubætur geta stækkað vinnusóknarsvæði, dregið úr nauðsyn brottflutninga og auðveldað búferlaflutninga til tiltekinna byggðarlaga. Víða hefur



íbúum fjölgað í kjölfar umtalsverðra samgöngubóta, sérstaklega á stöðum sem tengjast þannig fjölbreyttari vinnumarkaði stærri þéttbýlisstaða (Hjalti Jóhannesson, 2010; Vífill Karlsson, 2004; Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson, 2014). Slík áhrif geta verið kynbundin þar sem karlar eru líklegri en konur til að ferðast langar vegalengdir til vinnu, meðal annars vegna ójafnrar verkaskiptingar á heimilum (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004; Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2004). Eftir að einangrun Siglufjarðar var rofin með opnun Héðinsfjarðarganganna jókst vinnusókn þaðan meðal mæðra ungra barna og fjölgun varð einkum í hópi yngri kvenna og barna (Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson, 2015; Þóroddur Bjarnason, 2014b).

### *Einstakar atvinnugreinar*

Axel Hall o.fl. (2002) benda á að minni byggðarlög sem nú standa höllum fæti hafi flest orðið til vegna nálægðar við góð fiskimið eða blómleg landbúnaðarhéruð. Á síðari tímum hafi bætтар samgöngur dregið úr þjónustuhlutverki þeirra og mikilvægi staðbundinna aðfanga í matvælaframleiðslu jafnframt minnkað. Á sama tíma hafa stærðaróhagkvæmni, breytingar í landbúnaði og fiskveiðum og aukið vægi þekkingar og tækni í framleiðslu grafið undan dreifðari byggðum (Axel Hall o.fl., 2002; sjá einnig Ásgeir Jónsson, 2002; Bjarki Jóhannesson, 1998; Stefán Ólafsson, 1997; Sveinn Agnarsson, 2007). Matvælaframleiðsla er engu að síður afar mikilvæg í atvinnulífi allra landshluta utan höfuðborgarsvæðisins. Sjávarútvegur vegur sérstaklega þungt á Vestfjörðum og Austurlandi og landbúnaður á Norðurlandi vestra og Suðurlandi (Sigurður Jóhannesson, Sigurður Árnason og Snorri B. Sigurðsson, 2017; Vífill Karlsson, 2018).

Margir fræðimenn telja missi aflaheimilda eina meginástæðu hnignunar smærri sjávarbyggða á Íslandi (Chambers, Guðrún Helgadóttir og Carothers, 2017; Karl Benediktsson og Anna Karlsdóttir, 2011; Kokorsch og Karl Benediktsson, 2018a, 2018b; Niels Einarsson, 2011, 2015) en aðrir benda fremur á lakari búsetugæði í smærri byggðarlögum, breyttar samgöngur og breytingar á skipulagi, tækni og markaðsaðstæðum sjávarútvegs (Ásgeir Jónsson, 2002; Bjarki Vigfússon og Haukur M. Gestsson, 2016; Ragnar Árnason, 2011; Sveinn Agnarsson, 2007). Þá kunna áhrif kvótakerfisins á byggðapróun að hluta til að vera óbein í gegnum tækniframfarir, samþjöppun og óvissu um framtíðina í öllum sjávarbyggðum (Vífill Karlsson, 2013b; Þóroddur Bjarnason, 2012). Á síðustu árum hefur fiskeldi rutt sér til rúms sem mikilvæg atvinnugrein á ákveðnum svæðum landsins (Sigurður Árnason, 2017). Uppbyggingin hefur verið mest á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem langvarandi fólksfækkun virðist hafa stöðvast og lítilsháttar íbúafjölgunar gætir, sérstaklega meðal yngra fólks (Sigurður Árnason, 2017). Vonir eru bundnar við sambærileg áhrif af fyrirhugaðri uppbyggingu á öðrum strjálbýlum svæðum, sérstaklega á norðanverðum Vestfjörðum og sunnanverðum Austfjörðum, en fyrirætlanir um stórfellda uppbygginga fiskeldis eru jafnframt umdeildar af umhverfisástæðum.

Á ákveðnum landsvæðum hefur orkufrekur iðnaður verið byggður upp til að auka stöðugleika og fjölbreytni í atvinnulífi og stóriðja er kjölfesta í atvinnulífi á Vesturlandi og Austurlandi (Sigurður Jóhannesson, Sigurður Árnason og Snorri B. Sigurðsson, 2017). Stóriðja hefur raunar að miklu leyti verið byggð upp í seilingarfjarlægð frá Reykjavík en raforkuvirkjun og uppbygging álvers á Austurlandi var þó stærsta og jafnframt umdeildasta iðnaðaruppbygging landsins. Álverið á Reyðarfirði virðist hafa skilað umtalsverðri fólksfjölgun og aukið byggðafestu á nærsvæði þess (Hjalti Jóhannesson, 2010). Hins vegar hefur það haft lítil áhrif utan Mið-Austurlands og konur eru aðeins um fjórðungur starfsfólks álversins (Hjalti Jóhannesson, 2010). Skipulag vinnu, lítill sveigjanleiki starfa og langar vegalengdir eru meðal

Þess sem oftast var nefnt sem ástæður þess að hlutfallslega fáar konur starfa í álverinu (Tinna K. Halldórsdóttir og Guðbjörg L. Rafnsdóttir 2012). Þá virðast framkvæmdirnar ekki hafa haft áhrif á búsetufyrirætlanir ungs fólks (Seyfrit, Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson, 2010) og fólksfjölgun á Austurlandi virðist fremur stafa af auknum aðflutningum en minni brottflutningum og aukinni byggðafestu ungs fólks.

Verslun og þjónusta eru mikilvægar atvinnugreinar í öllum landshlutum (Sigurður Jóhannesson, Sigurður Árnason og Snorri Björn Sigurðsson, 2017). Með bættum samgöngum og tækniframförum hefur margvísleg verslun og þjónusta þó þjappast saman í stærri þéttbýliskjörnum og þannig ýtt enn frekar undir þéttbýlissvæðingu innan einstakra landshluta og á landsvísu (Axel Hall o.fl., 2002; Árni Ragnarsson, 2017; Stefán Ólafsson, 1997). Þannig má segja að aðgengi að verslun og þjónustu hafi aukist í öllum landshlutum en jafnframt færst fjær íbúum fámennari byggðarlaga. Opinber og einkarekin þjónusta auka fjölbreytni á vinnumarkaði og skapa störf fyrir fólk með háskólamenntun eða iðnmenntun jafnt sem ófaglært starfsfólk. Stærri þéttbýliskjarnar verða þannig í senn álitlegir búsetukostir fyrir breiðan hóp og mikilvægar miðstöðvar atvinnu innan vinnusóknarsvæða þeirra.

Á síðustu árum hefur mikill vöxtur í ferðaþjónustu skapað störf í atvinnugreinum á borð við fólksflutninga, verslun, veitingar og gistingu (Eyrún J. Bjarnadóttir, Guðrún Þ. Gunnarsdóttir og Arnar Þ. Jóhannesson, 2016). Fjölgun starfsfólks í veitinga- og gistipjónustu byggir að verulegu leyti á aðflutningi frá öðrum löndum og gera má ráð fyrir því að vöxtur ferðaþjónustunnar skýri að miklu leyti fjölgun erlendra ríkisborgara um land allt (Sigurður Jóhannesson, Sigurður Árnason og Snorri B. Sigurðsson, 2017). Þótt ferðaþjónustan skapi flest heilsársstörf á höfuðborgarsvæðinu hefur hún hlutfallslega meiri áhrif eftir því sem önnur atvinnustarfsemi er fábreyttari. Þannig kann ferðaþjónustan að vera ástæða þess að fólki fer fjölgandi í strjálbýli eftir nær samfellda fólksfækkun frá lokum 19. aldar. Á sumum stöðum virðist gegnumstreymi ferðamanna þó skilja tiltölulega lítið eftir sig og kostnaður sveitarfélaga virðist víða meiri en tekjur af ferðaþjónustu (Vífill Karlsson, Hjalti Jóhannesson og Jón Ó. Pétursson, 2017; Þóroddur Bjarnason og Edward H. Huijbens, 2014).

Talsverðar vonir hafa verið bundnar við að með betri samgöngum og tækniframförum skapist ný störf og auðveldara verði að dreifa margvíslegri starfsemi um landið. Þannig hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til að færa starfsemi ríkisins út fyrir höfuðborgarsvæðið með flutningi stofnana og eflingu starfsstöðva víða um land. Jafnframt hefur verið mikill áhugi á störfum án staðsetningar og auknum sveigjanleika í búsetu. Aukin tækni býður þó einnig upp á möguleika á aukinni samþjöppun og Axel Hall o.fl. (2002) vara við því að tæknibyltingin kunnir raunar að styrkja yfirburði höfuðborgarsvæðisins á kostnað annarra landsvæða. Ekki er enn ljóst hvaða áhrif tæknibyltingin muni hafa á byggðapróun á Íslandi. Þó má leiða líkum að því að vöxtur þéttbýliskjarna í allt að 100 km fjarlægð frá Reykjavík stafi að hluta til af auknum sveigjanleika í vinnu margra starfsstétta og aukinni rafrænni þjónustu og afþreyingu. Með frekari framþróun tækninnar gæti slíkur aukinn sveigjanleiki hugsanlega styrkt byggðir um land allt.

## Menntun

Uppbygging menntastofnana var snar þáttur í vexti Reykjavíkur sem miðstöðvar íslensks þjóðlífs í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar (Loftur Guttormsson, 2008; Þóroddur Bjarnason, 2018b). Á síðari hluta 19. aldar var Bessastaðaskóli fluttur til Reykjavíkur og skólar stofnaðir þar til að

mennta presta og lækna til starfa á Íslandi. Á árunum 1890–1908 bættust við sérskólar í Reykjavík fyrir sjómenn, iðnaðarmenn, verslunarmenn, kennara og lögfræðinga. Á hundrað ára ártíð Jóns Sigurðssonar árið 1911 var Háskóli Íslands loks stofnaður á grunni læknaskólans, prestaskólans og hins nýstofnaða lagaskóla.

Á sama tímabili var mikil áhersla lögð á eflingu grunnmenntunar um land allt og nauðsyn þess að ungt fólk gæti stundað hagnýtt nám í heimabyggð (Loftur Guttormsson, 2008). Á síðari hluta 19. aldar voru þannig kvennaskólar og búnaðarskólar stofnaðir víða um land og fyrsti gagnfræðaskóli landsins stofnaður á Norðurlandi. Með fræðslulögunum 1907 var börnum landsins tryggð fjögurra ára ókeypis skólaganga, barnaskólum í þéttbýli fjölgaði um land allt og farskólar voru skipulagðir í dreifðum byggðum. Jafnframt voru gerðar tilraunir með stofnun alþýðu- og lýðskóla að norrænni fyrirmynd og á fyrri hluta 20. aldar voru gagnfræðaskólar og þriggja vetra héraðsskólar á gagnfræðastigi stofnaðir í öllum landshlutum (Loftur Guttormsson, 2008).

Lærða skólanum í Reykjavík var breytt í menntaskóla árið 1904 og fljótlega heyrðust kröfur um sambærilegt nám í öðrum landshlutum (Þóroddur Bjarnason, 2018b). Árið 1927 fékk Gagnfræðaskólinn á Akureyri heimild til að kenna námsefni til stúdentsprófs og varð hann Menntaskólinn á Akureyri árið 1930. Menntaskólinn að Laugarvatni var stofnaður sem útibú frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1947 en varð sjálfstæður skóli 1953. Á áttunda áratugnum voru stofnaðir voru framhaldsskólar á Ísafirði, í Keflavík, á Akranesi, Egilsstöðum og Sauðárkróki og í Vestmannaeyjum. Á níunda áratugnum bættust við verkmenntaskólar á Akureyri og Neskaupstað og framhaldsskólar á Selfossi, Húsavík, Höfn í Hornafirði og Laugum í Reykjadal. Á fyrsta áratug 21. aldar voru loks stofnaðir framhaldsskólar í Grundarfirði, Borgarnesi og Ólafsfirði og gat þá þorri ungs fólks á Íslandi stundað framhaldsskólanám án þess að flytja búferlum.

Við uppbyggingu menntakerfisins var frá upphafi mikil áhersla lögð á að ungt fólk gæti sótt sér fullnægjandi menntun í heimabyggð (Arnór Sigurjónsson, 1918; Jón Þorkelsson, 1891; Loftur Guttormsson, 2008; Þóroddur Bjarnason, 2018b). Með því væri stuðlað að jafnrétti til náms, auk þess sem nemendur gætu búið lengur í foreldrahúsum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Uppbygging menntakerfisins hefur jafnframt skapað margvísleg störf fyrir faglært og ófaglært starfsfólk og afleidd störf í tengslum við rekstur skólanna og daglegt líf nemenda og starfsfólks. Skólastofnanir í heimabyggð hafa þannig margvísleg jákvæð efnahagsleg áhrif og stuðla að fjölbreyttari menningu og afþreyingu og aukinni fjölbreytni mannlífsins víða um land. Með bættum samgöngum og vaxandi fjarnámi hefur aðgengi að fjölbreyttu námi batnað til mikilla muna en um leið standa smærri stofnanir í nærsamfélaginu frammi fyrir aukinni samþjöppun menntunar í öflugri stofnunum stærri þéttbýlisstaða (Þóroddur Bjarnason, 2018b).

Tækifæri til menntunar í heimabyggð hafa umtalsverð áhrif á ánægju með búsetu og ákvarðanir um búferlaflutninga (Anna K. Gunnarsdóttir, 2009; Axel Hall o.fl., 2002; Kolfinna Jóhannesdóttir, 2006; Stefán Ólafsson, 1997; Vífill Karlsson og Grétar Þ. Eyþórsson, 2009). Foreldrar telja góða skóla fyrir börn sín meðal mikilvægustu búsetugæða og áhyggjur af menntun barna auka sérstaklega líkur á því að konur vilji flytja í meira þéttbýli (Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005; Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012; Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010). Raunar nefna mun fleiri tækifæri barna sinna en eigin tækifæri til menntunar sem ástæðu búferlaflutninga frá smærri byggðarlögum (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Engin tengsl virðast milli menntunar foreldra og áhuga unglunga á því að flytja úr sveitum

og sjávarbyggðum en menntun foreldra tengist hins vegar meiri líkum á því að íslenskir unglingar ætli að flytja af landi brott (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006; Þóroddur Bjarnason, 2011b).

### *Háskólanám um land allt*

Axel Hall o.fl. (2002) benda á að aukin tækifæri til háskólamenntunar gæti verið tvíþent byggðastefna fyrir smærri byggðarlög þar sem háskólamenntað ungt fólk flytji nær örugglega á brott. Mörg þeirra sem flytja búferlum til að stunda háskólanám snúa raunar aldrei til baka (Axel Hall o.fl., 2002; Stefán Ólafsson, 1997; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016; Þóroddur Bjarnason og Ingi R. Eðvarðsson, 2017). Fyrir suma kann háskólamenntun beinlínis að vera leið til að geta flutt á brott fyrir fullt og allt, en aðrir ætla að snúa aftur þótt misjafnt sé hvort það gengur eftir. Viðhorf nemenda og hugmyndir þeirra um búsetugæði mótast meðan á námi stendur, mörg eignast maka og vini og verða smám saman hluti þess samfélags þar sem námið er stundað um leið og tengslin við heimabyggðina trosna (Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2017). Að námi loknu eru atvinnutækifæri yfirleitt fjölbreyttari og meiri möguleikar á starfsframa í mesta þéttbýlinu. Staðsetning háskóla getur þannig skipt miklu máli fyrir menntun ungs fólks frá mismunandi svæðum og framtíðarbúsetu þess, en jafnframt fyrir menntastig og samkeppnishæfni einstakra landshluta.

Fjöldi starfa sem krefjast háskólamenntunar ræðst til skemmri tíma af aðstæðum á vinnumarkaði einstakra svæða, en til lengri tíma litið getur hækkanði menntunarstig einnig stuðlað að svæðisbundinni nýsköpun, aukinni samkeppnishæfni og fjölgun starfa fyrir háskólamenntað fólk (Ingi R. Eðvarðsson, 2014). Skortur á samfélagi háskólamenntaðs fólks og þeirri þjónustu og afþreyingu sem því fylgir kann hins vegar að fæla háskólamenntað fólk frá fámennari byggðarlögum (Þóroddur Bjarnason og Ingi R. Eðvarðsson, 2017). Þannig getur skapast vítahringur þar sem skortur á háskólamenntun og störfum fyrir háskólamenntað fólk veldur því að erfitt geti reynst að fylla þær tiltölulega fáu stöður sem krefjast háskólamenntunar.

Fyrstu hugmyndir um sjálfstæðan háskóla á Norðurlandi komu fram 1958 og á árunum 1964–1972 voru ítrekað lagðar fram þingsályktunartillögur á Alþingi um það efni (Bragi Guðmundsson, 2012; Þóroddur Bjarnason, 2018b). Röksemdirnar fyrir stofnun háskóla á Akureyri endurspegluðu að mörgu leyti röksemdir sjálfstæðisbaráttunnar fyrir stofnun Háskóla Íslands (sjá t.d. Jón Þorkelsson, 1891). Með stofnun háskólans myndi fleira ungt fólk á Norðurlandi sækja sér háskólamenntun, ekki síst ungar konur sem síður ættu heimangengt. Þá væri háskólafólk líklegt til að búa áfram og finna sér vinnu við hæfi þar sem það hefði stundað nám. Góð menntun og aukin þekking myndi leiða af sér gott mannlíf og efla atvinnulíf á Norðurlandi.

Háskólinn á Akureyri var loks stofnaður árið 1987 og á næstu árum voru allmargir fleiri háskólar stofnaðir á grunni eldri stofnana, nöfnum þeirra ítrekað breytt og háskólastofnanir sameinaðar (sjá Þóroddur Bjarnason, 2018b). Í Reykjavík starfa nú Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands en utan höfuðborgarsvæðisins Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum og Háskólinn á Akureyri. Jafnframt starfa fjölmörg háskóla- og rannsóknasetur víða um land (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Árið 2014 stunduðu 87% allra háskólanema á Íslandi nám við háskólana þrjá á höfuðborgarsvæðinu, þar af 68% við Háskóla Íslands (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016). Árið 2014 voru háskólanemar

við landsbyggðaháskólana fjóra því 13% allra háskólanema á landinu en það ár bjuggu 36% landsmanna í landsbyggðunum.

Á síðustu árum hafa ítrekað komið fram tillögur um sameiningu minni landsbyggðaháskóla við stærri háskóla í Reykjavík, sérstaklega um sameiningu Háskólans á Bifröst við Háskólann í Reykjavík og sameiningu Landbúnaðarháskólans við Háskóla Íslands. Slíkar tillögur hafa að mestu byggst á forsendum um stærðarhagkvæmni og þeirri trú að lítil þjóð þurfi ekki sjö háskóla (Þóroddur Bjarnason, 2018b). Mikil andstaða hefur verið við slíkar sameiningar á nærsvæðum landsbyggðarháskólanna og hefur hún einkum byggst á mikilvægi sjálfstæðra háskóla fyrir atvinnu- og menntunarstig á viðkomandi svæðum og ótta við að starfsemi sameinaðra háskóla yrði fljótlega skipulögð samkvæmt hagsmunum höfuðstöðvanna í Reykjavík.

Umtalsverður munur er raunar á háskólamenntun og vægi einstakra háskóla eftir landshlutum. Meirihluti háskólanema af höfuðborgarsvæðinu býr þar áfram að loknu námi en meirihluti háskólanema af öðrum svæðum flytur til höfuðborgarsvæðisins (Axel Hall o.fl., 2002; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016). Af þeim sökum er hlutfall háskólamenntaðra íbúa yfirleitt tvöfalt herra á höfuðborgarsvæðinu en utan þess (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016). Helsta undantekningin er Akureyri þar sem hlutfall háskólamenntaðra er milli hlutfalls höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta, en brautskráðir nemendur frá Háskólanum á Akureyri skýra þann mun að fullu. Mikill meirihluti brautskráðra nemenda frá háskólunum í Reykjavík er búsettur á höfuðborgarsvæðinu en meirihluti brautskráðra nemenda frá Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólanum á Hólum og Háskólanum á Akureyri er búsettur í öðrum landshlutum (Þóroddur Bjarnason, 2018b). Um tveir af hverjum þremur brautskráðum nemendum frá Háskólanum á Bifröst eru hins vegar búsettir á höfuðborgarsvæðinu, en það er nálægt hlutfalli þjóðarinnar í heild.

Umtalsverður munur er á háskólamenntun einstakra landshluta. Mikill meirihluti háskólamenntaðra íbúa á höfuðborgarsvæðinu hefur þannig lokið prófi frá háskólunum í Reykjavík, en það hlutfall er umtalsvert lægra í öðrum landshlutum (Þóroddur Bjarnason, 2018b). Háskóli Íslands á raunar mesta hlutdeild í háskólamenntuðum íbúum allra landshluta nema Mið-Norðurlandi þar sem álíka margir hafa lokið prófi frá Háskólanum á Akureyri. Háskólinn í Reykjavík á næstmesta hlutdeild í háskólamenntuðum íbúum höfuðborgarsvæðisins og annarra þéttbýliskjarna á suðvesturhorni landsins en fjær Reykjavík á Háskólinn á Akureyri næstmesta hlutdeild í háskólamenntun íbúanna.

### *Tæknibylting í framhalds- og háskólastarfi*

Með tæknibyltingu síðustu ára hefur framboð af fjarnámi og sveigjanlegu námi gjörbreyst. Margir framhaldsskólar bjóða upp á námskeið í fjarnámi og litlir framhaldsskólar utan höfuðborgarsvæðisins hafa með sér samstarf um fjölbreyttara námsframboð undir merkjum Fjarmenttaskólans (Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir, 2018). Vonir standa til þess að fjölbreyttara námsframboð í fjarnámi og sveigjanlegu námi á framhaldsskólastigi bæti búsetugæði fjölskyldna og auki byggðafestu í dreifðari byggðum en það hefur þó ekki verið skoðað sérstaklega.

Á háskólastigi skýrir fjarnám að mestu mun á búsetu þeirra sem brautskráðir eru frá mismunandi háskólum. Þannig er til dæmis meirihluti brautskráðra staðarnema við Háskóla Íslands búsettur á höfuðborgarsvæðinu fimm árum eftir brautskráningu og meirihluti

brautskráðra staðarnema við Háskólann á Akureyri búsettur á Akureyri (Þóroddur Bjarnason og Ingi R. Eðvarðsson, 2017). Aðeins þriðjungur þeirra háskólanema frá dreifðari byggðum sem flytja búferlum til að stunda nám snýr á hinn bóginn aftur til sinnar heimabyggðar, óháð því hvort þeir stunduðu staðarnám við Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri. Háskólanemar í dreifðari byggðum sem stunduðu fjarnám úr heimabyggð eru hins vegar álíka líklegir til að búa þar áfram og háskólanemar af nærsvæðum háskólanna í Reykjavík og á Akureyri. Þannig er til dæmis meirihluti kennara í dreifðari byggðum brautskráður úr fjarnámi en meirihluti kennara á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri brautskráður úr staðarnámi við háskóla í heimabyggð (Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2018).

## Verzlun og þjónusta

Ánægja með búsetu tengist aðgengi að verslun og þjónustu og möguleikum til afþreyingar, tómstunda og menningar (Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005; Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012; Stefán Ólafsson 1997; Vífill Karlsson og Grétar Þ. Eypórsson, 2009; Vífill Karlsson og Kolfína Jóhannesdóttir, 2010). Samkvæmt niðurstöðum Stefáns Ólafssonar (1997) hafði ánægja með verslun og þjónustu í byggðarlaginu mesta fylgni við fólksfjöldaþróun af 24 þáttum búsetuskilyrða. Slík búsetugæði byggja þó í flestum tilvikum á starfandi fólki og þannig getur verið erfitt að greina að fullu á milli áhrifa fjölbreytni á vinnumarkaði og fjölbreytni á neytendamarkaði á búferlaflutninga. Meðal íbúa smærri byggðarlaga utan höfuðborgarsvæðisins sem ætluðu líklega eða örugglega að flytja á brott á næstu 2–3 árum skipti aðgengi að menningu og afþreyingu mestu máli, þá aðgengi að heilbrigðisþjónustu og loks aðgengi að verslun og þjónustu (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Mikilvægi slíkra þátta í búferlaflutningum var litlu minna en mikilvægi atvinnutækifæra.

Á höfuðborgarsvæðinu er fjölbreytnin á þessu sviði vitaskuld mest, hvort sem litið er til matvöruverslana, sérvöruverslana, kaffihúsa og veitingastaða, íþróttastarfs, góðgerðafélaga og annarra áhugamannasamtaka, kvikmyndahúsa, tónleika eða myndlistarsýninga. Stjórnsýsla og önnur starfsemi ríkisins er einnig að stórum hluta staðsett í Reykjavík, sem jafnframt er langstærsta og öflugasta sveitarfélag landsins. Það kemur því ekki á óvart að ánægja með verslun og afþreyingu var mest á höfuðborgarsvæðinu og ánægja fólks með slíka þætti jókst við flutninga til höfuðborgarsvæðisins (Stefán Ólafsson, 1997). Það vekur hins vegar athygli að árið 1997 var ánægja með opinbera þjónustu á höfuðborgarsvæðinu undir landsmeðaltali. Raunar virðist ánægja með þjónustu sveitarfélagsins vera minni í Reykjavík en á landsvísu, sérstaklega í út-hverfum borgarinnar (Gallup, 2014; Lilja S. Harðardóttir, 2016). Ekki er fyllilega ljóst hvernig á því stendur.

Góðar samgöngur auka aðgengi að verslun, þjónustu og afþreyingu en samgöngubætur og lægri flutningskostnaður geta hins vegar einnig grafið undan verslunar- og þjónustufyrirtækjum í smærri byggðarlögum með aukinni samkeppni við fyrirtæki í meira þéttbýli (Axel Hall o.fl., 2002; Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012). Þjónustusvæði fyrir vörur og þjónustu eru þó mjög misstór og fjarlægðir skipta því mismiklu máli í slíkri samkeppni. Dagvöruverslun með mjólk og brauð hefur þannig mjög afmarkað þjónustusvæði í heimabyggð en þjónustusvæði sérhæfðrar lækniþjónustu sem fólk nýtir í undantekningartilvikum gæti verið landið allt eða jafnvel allur heimurinn. Brottflutningar frá einstökum byggðakjörnum aukast almennt eftir því sem

þjónustustig þeirra er lægra, jafnframt því sem veikt jákvætt samband er milli brottflutninga og akstursfjarlægðar til stærri þjónustukjarna (Karl Benediktsson og Hjalti Nielsen, 2008).

### *Þjónustusvæði landsins*

Með samgöngubótum, tækniframförum og skipulagsbreytingum hafa þjónustusvæði víða stækkað á undanförunum árum og áratugum (Árni Ragnarsson, 2017). Þannig hefur starfsemi sem áður var á mörgum stöðum verið sameinuð á hverju landsvæði eða jafnvel fyrir landið í heild. Minni þjónustukjarnar gegna þó einnig mikilvægu hlutverki, sérstaklega fyrir daglega þjónustu fjær stærri þéttbýlisstöðum. Á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi sækja íbúar um þrjá fjórðu allrar þjónustu innan hvers landshluta en um fjórðung til höfuðborgarsvæðisins (Byggðastofnun, 2017a, 2017b, 2017c). Frá Vogum á Vatnsleysuströnd er helmingur allrar þjónustu sóttur til höfuðborgarsvæðisins og um þriðjungur frá Grindavík, Ölfusi og Hveragerði. Að öðru leyti virðist fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu skipta minna máli fyrir þjónustu á Suður- og Vesturlandi en búast hefði mátt við. Þannig er þjónustusókn til höfuðborgarsvæðisins frá Snæfellsnesi, Dölum, Rangárvalla- og Skaftafellssýslu ívið meiri en frá stærri og nálægari byggðakjörnum á borð við Akranes, Borgarnes, Keflavík og Selfoss.

Í Vestmannaeyjum og á norðanverðum Vestfjörðum eru um 80% allrar þjónustu sótt innan svæðisins en aðeins um 15% til höfuðborgarsvæðisins (Byggðastofnun, 2017c, 2017d). Á öðrum svæðum á Vestfjörðum er þjónustusókn til höfuðborgarsvæðisins hins vegar svipuð og á suðvesturhorni landsins eða þriðjungur til helmingur allrar þjónustu. Þótt oft sé litið á Ísafjörð sem þjónustumiðstöð fyrir Vestfirði er Hólmavík til dæmis 225 km frá Ísafirði en 233 km frá Reykjavík en vitaskuld er þar ólíku saman að jafna hvað úrval þjónustu varðar. Íbúar á Ströndum sækja þannig um þriðjung allrar þjónustu til Hólmavíkur og rúman þriðjung til Reykjavíkur. Þjónustusókn frá Ströndum til Ísafjarðar er hins vegar hverfandi.

Akureyri gegnir mikilvægu þjónustuhlutverki á Mið-Norðurlandi en áhrifasvæði hennar er talsvert minna en áhrifasvæði Reykjavíkur. Akureyringar sækja ríflega 90% allrar þjónustu innan sveitarfélagsins en aðeins um 5% til höfuðborgarsvæðisins (Byggðastofnun, 2017e). Í öðrum stærri byggðarlögum á Norðurlandi minnkar þjónustusókn til Akureyrar úr tæplega helmingi allrar þjónustu á Dalvík í rúman fjórðung í Fjallabyggð og um tíunda hluta á Húsavík og Sauðárkróki (Byggðastofnun, 2016, 2017e). Í Þingeyjarsýslum vestan Húsavíkur er mun meiri þjónustusókn til Akureyrar en Húsavíkur en austan hennar er þjónustusókn til þessara tveggja staða svipuð. Á Norðurlandi vestra eykst þjónustusókn til höfuðborgarsvæðisins almennt eftir því sem vestar dregur í landshlutanum. Almennt eru um 60% þjónustusóknar til stærstu byggðakjarna á Norðurlandi vestra og fjórðungur til fimmtungur allrar þjónustu er sóttur til höfuðborgarsvæðisins. Í dreifbýli Skagafjarðar og Austur-Húnavatnssýslu er um tíundi hluti þjónustusóknar til Akureyrar en slík þjónustusókn er hverfandi frá Vestur-Húnavatnssýslu.

Austurland hefur talsverða sérstöðu hvað varðar fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu en 650–710 km eru frá stærstu byggðakjörnum Austurlands til Reykjavíkur. Þótt Akureyri sé umtalsvert nær Austurlandi eru þangað engu að síður 260–330 km frá stærstu byggðakjörnunum. Íbúar Austurlands sækja um þrjá fjórðu allrar þjónustu innan landshlutans, 13% til höfuðborgarsvæðisins og 6% til Akureyrar (Byggðastofnun, 2017f). Þótt Egilsstaðir séu stærsti byggðakjarni Austurlands hafa þeir ekki óskorað hlutverk sem þjónustumiðstöð landshlutans. Veruleg þjónustusókn til Egilsstaða er bundin Fljótsdalshéraði, Seyðisfirði, Borgarfirði eystri og

að nokkru leyti Djúpavogi. Íbúar Fjarðabyggðar, sem eru tæpur helmingur Austurlands, sækja hins vegar aðeins um 12% þjónustu sinnar til Egilsstaða.

### *Heilbrigðisþjónusta sem dæmi um þjónustusókn*

Þótt allir landsmenn eigi lögum samkvæmt rétt á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem hægt er að veita er erfitt að tryggja öllum sambærilega þjónustu þegar mikill meirihluti þjóðarinnar er búsettur á þjónustusvæði Landspítalans og annarra heilbrigðisstofnana á höfuðborgarsvæðinu en minnihlutinn er búsettur á mörgum smærri þjónustusvæðum umhverfis landið (Björn Gunnarsson o.fl., 2007; Sonja S. Gústafsdóttir o.fl., 2015). Íbúar landsbyggðanna meta heilsu sína almennt lakari en íbúar höfuðborgarsvæðisins þótt sjúkdómsgreiningar séu hlutfallslega fleiri á höfuðborgarsvæðinu en utan þess (Sigríður Haraldsdóttir, Unnur Valdimarsdóttir og Sigurður Guðmundsson, 2014). Hvorutveggja kann að stafa af lakari heilbrigðisþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins en frekari rannsókna er þó þörf á því efni.

Með bættem samgöngum og breyttum áherslum í heilbrigðisþjónustu og opinberum rekstri hafa margar heilbrigðisstofnanir verið sameinaðar og verkefni þeirra breyst (sjá t.d. Sonja S. Gústafsdóttir o.fl., 2015; Sigríður Halldórsdóttir o.fl., 2017). Á undanförunum árum hefur umtalsverð samþjöppun orðið á þessu sviði og aðgengi landsmanna að Landsspítalanum í Reykjavík sérstaklega verið rætt í tengslum við sjúkraflug og framtíð Reykjavíkurflugvallar. Landinu er nú skipt í sjö heilbrigðisumdæmi og innan þeirra starfa umdæmissjúkrahús og heilbrigðisstofnanir. Landspítalinn í Reykjavík er hins vegar helsti burðarás heilbrigðisþjónustu á Íslandi og þangað þurfa allir landsmenn að sækja sérhæfðari lækniþjónustu. Samkvæmt niðurstöðum þjónustukannana Byggðastofnunar (2016, 2017a,b,c,d,e,f) sóttu langflestir íbúa allra landshluta til heilsugæslu eða heimilislæknis innan síns landshluta. Hins vegar sótti mikill meirihluti íbúa Suðurnesja, Suðurlands, Vesturlands og Vestfjarða þjónustu sérfræðilækna til höfuðborgarsvæðisins. Á Norðurlandi eystra sótti mikill meirihluti þjónustu sérfræðilækna til Akureyrar en á Austurlandi og Norðurlandi vestra sótti tæplega helmingur slíka þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en fjórðungur til Akureyrar.

Þótt aðgengi og gæði heilbrigðisþjónustu hafi víðast hvar batnað með bættem samgöngum, fjarskiptum, tækni og læknisfræðilegri þekkingu hafa kröfur almennings um slíka þjónustu einnig aukist til muna (Sonja S. Gústafsdóttir o.fl., 2015). Aðgengi að heilbrigðisþjónustu getur skipt sérstaklega miklu máli fyrir þá sem þurfa mest á henni að halda, svo sem barnafjölskyldur, aldraða eða fólk sem býr við fötlun eða langvinna sjúkdóma. Mat fólks á aðgengi, fjölbreytni og gæðum slíkrar þjónustu í heimabyggð getur hins vegar einnig haft áhrif á búsetuánægju þeirra sem ekki hafa þurft að nýta sér hana að ráði (Sigríður Halldórsdóttir o.fl., 2017). Meðal þeirra íbúa smærri byggðarlaga sem ætluðu líklega eða örugglega að flytja á brott á næstu 2–3 árum sögðu 38% að aðgengi að heilbrigðisþjónustu skiptu þar miklu máli en 27% að slíkt aðgengi skiptu nokkru máli í þeirri ákvörðun (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Því hefur verið haldið fram að flutningar kvenna innanlands ráðist af gæðum heilbrigðis- og velferðarþjónustu (Árni Ragnarsson, 2017; Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005), en það hefur ekki verið skoðað sérstaklega.

### Félagsleg tengsl

Félagsleg tengsl hafa margvísleg áhrif á búsetu fólks, ánægju með búsetu og búferlaflutninga. Þannig geta góð tengsl við fjölskyldu, vini eða staðinn sem slíkan verið meginástæða þess að



fólk sé ánægt með búsetu sína, hafni þeim möguleikum sem í boði eru annars staðar eða sækist eftir því að snúa til baka eftir lengri eða skemmri dvöl annars staðar. Hins vegar geta búsetuóskir og búferlaflutningar nákominna einnig leitt til þess að fólk flytji á brott eða snúi ekki heim þótt viðkomandi vildu helst búa í heimabyggð. Auk slíkra áhrifa jákvæðra tengsla geta ósætti, ofbeldi eða önnur neikvæð tengsl við einstaklinga eða samfélagið í heild vitaskuld einnig leitt til þess að fólk flytji á brott og snúi aldrei til baka.

### *Fjölskylda og vinir*

Eðli málsins samkvæmt taka þör yfirleitt sameiginlega ákvörðun um búsetu sína og góð umgjörð um fjölskylduna vegur þungt í slíkum ákvörðunum (Vifill Karlsson og Grétar Þ. Eyþórsson, 2009; Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012; Stefán Ólafsson, 1997). Þótt því sé stundum haldið fram að konur ráði búsetu fjölskyldunnar (Háskólaasetur Vestfjarða, 2014; Vifill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010) virðast búsetuákvörðanir fjölskyldna ekki sérstaklega taka mið af hagsmunum kvenna. Þannig ráðast búferlaflutningar fjölskyldna innanlands og milli landa til dæmis af atvinnustöðu og tekjumöguleikum karla fremur en kvenna (Guðbjört Guðjónsdóttir og Unnur D. Skaptadóttir, 2017; Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005). Á hinn bóginn virðast búsetuóskir kvenna í ríkari mæli en búsetuóskir karla tengjast þáttum á borð við menntun barna, fjölskyldutengsl, gæði velferðarkerfis, fjölskylduvæna vinnustaði og framsækin jafnréttisviðhorf (Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson (2005). Jafnframt hafa konur í dreifðari byggðum verið taldar líklegar til að velja sér menntun og starfsvettvang í samræmi við búsetu fjölskyldunnar og þarfir samfélagsins fremur en eigin áhugasvið (Anna G. Eðvarðsdóttir, 2013).

Þá getur uppruni, menntun, starf og viðhorf maka skipt miklu máli um framtíðarbúsetu. Í sjávarþorpum verður til dæmis flest ungt fólk um kyrrt ef það hefur fundið sér maka úr sama byggðarlagi, en flest eru flutt á brott ef þau eiga maka frá öðrum byggðarlögum, landshlutum eða löndum (Kolbrún Ó. Baldursdóttir, 2017). Einhleypir karlar eru álíka líklegir til að búa áfram í sjávarþorpum og eiginmenn sem eiga maka úr sama þorpi, en einhleypar konur eru álíka líklegar til að hafa flutt á brott og eiginkonur sem eiga maka frá öðrum stöðum. Þá eru eiginkonur líklegri en eiginmenn til að vera aðfluttar í litlum sjávarþorpum, en kynbundin áhrif þess að búa í heimabyggð maka hafa ekki verið skoðuð sérstaklega.

Skilnaðir geta haft sérstök áhrif á búsetuánægju í smærri byggðarlögum þar sem fráskilið fólk þarf að vera í stöðugum samskiptum við fyrri maka og húsnæði getur verið af skornum skammti. Í smærri byggðarlögum þekkja einnig flestir í samfélaginu til aðstæðna og taka jafnvel eindregna afstöðu í skilnaðarmálum. Því geta hjónaskilnaðir ýtt undir brottflutninga, sérstaklega þeirra sem flust hafa til heimabyggðar þáverandi maka (Kolbrún Ó. Baldursdóttir, 2017). Á hinn bóginn geta sameiginleg börn gert það erfiðara að flytja langt frá fyrri maka og búferlaflutningar annars foreldris geta vitaskuld haft neikvæð áhrif á samskipti foreldra og barna eftir skilnað. Slík mál hafa orðið flóknari eftir að sameiginlegt forræði varð meginregla í skilnaðarmálum og í vaxandi fjölda fjölskyldna þar sem börn búa jafnt til skiptis hjá báðum foreldrum er það nánast forsenda að fráskilið fólk búi í nágrenni hvort við annað (Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarson, 2011).

Fjölskyldutengsl skipta vitaskuld áfram máli eftir að börn flytja að heiman. Unglingar sem eru í sterkum tengslum við foreldra sína eru þannig líklegri til að vilja búa áfram í landsbyggðunum (Valdimar Briem og Tinna K. Halldórsdóttir, 2011; Þóroddur Bjarnason,

2011b; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006). Jafnframt dregur fjölskylda á staðnum úr líkunum á búferlaflutningum en þau sem flytja eru líklegri til að velja sér búsetu þar sem fjölskyldumeðlimir eru fyrir (Stefán Ólafsson, 1997). Með svipuðum hætti flytur fólk af íslenskum eða erlendum uppruna oft á milli landa í kjölfar ættingja sinna (Magnfríður Júlíusdóttir, Unnur D. Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir, 2013; Unnur D. Skaptadóttir, 2015b; Wojtyńska, 2012).

Þá má telja líklegt að öldrun og heilsa foreldra geti haft áhrif á flutninga fullorðinna barna og nærri helmingur þeirra sem ætla að flytja úr minni byggðarlögum nefna það sem eina ástæðu að vera nær foreldrum sínum eða tengdforeldrum (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Á hinn bóginn segja um tvö af hverjum þremur þeirra sem ætla að vera um kyrrt að nálægð við foreldra sína eða tengdforeldra skipti miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu.

Með sama hætti getur búseta uppkominna barna og tilkoma barnabarna haft mikil áhrif á búsetuákvæðanir fólks. Í smærri byggðarlögum skiptir aukin nálægð við uppkomin börn máli fyrir rúman þriðjung svarenda og aukin nálægð við barnabörn fyrir fjórðung þeirra sem ætla að flytja á næstu 2–3 árum (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Á hinn bóginn segja þrír af hverjum fjórum nálægð við börn og nærri helmingur að nálægð við barnabörn skipti máli fyrir áframhaldandi búsetu. Þess ber þó að gæta að spurningin greinir ekki á milli raunverulegra barnabarna og þeirra sem kunna að fæðast í framtíðinni.

Loks má gera ráð fyrir því að sterk vinasambönd, félagslíf og líflegir vinnustaðir auki ánægju með búsetu og dragi úr líkunum á búferlaflutningum. Slík áhrif hafa lítið verið skoðuð en meðal íslenskra unglinga tengjast góð samskipti við besta vin þó marktækt minni líkum á því að vilja flytja af landi brott (Atli Hafþórsson og Þóroddur Bjarnason, 2008; Þóroddur Bjarnason, 2011b). Þá segir um þriðjungur þeirra sem ætla að flytja frá minni byggðakjörnum að þar skipti miklu máli að vera nær ættingjum og vinum (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Tengsl við vini og kunningja hafa jafnframt áhrif á flutninga fólks af erlendum uppruna hingað til lands og fólk er líklegra til að finna vinnu á Íslandi í gegnum slík tengsl en atvinnuauglýsingar eða vinnumiðlanir (Unnur D. Skaptadóttir, 2015a; Wojtyńska, 2012).

### *Staðartengsl og staðarsamsemd*

Til viðbótar við tengsl fólks við tiltekna einstaklinga hafa margir sterk tengsl við samfélag, manngert umhverfi og náttúru einstakra staða. Slík staðarkennd (e. *place attachment*) getur haft mikilvæg áhrif á búsetuánægju og búferlaflutninga, en getur jafnframt skipt brottflutta íbúa miklu máli (Albertína F. Elíasdóttir, 2012). Staðarsamsemd (e. *place identity*) er ákveðin tegund staðartengsla sem felast í því að upplifa tiltekinn stað sem mikilvægan hluta af sjálfi sínu (Albertína F. Elíasdóttir, 2012). Í því felst annars vegar sú upplifun að tilheyra staðnum og mótast af honum og hins vegar tilkall til þess að eiga hlutdeild í staðnum og samfélagi hans. Slík staðarsamsemd birtist meðal annars í því að líta á sig sem heimamanneskju í byggðarlaginu, t.d. sem Akureyring, Reykvíking eða Ísfirðing fremur en einungis núverandi eða fyrrverandi íbúa Akureyrar, Reykjavíkur eða Ísafjarðar (Þóroddur Bjarnason, 2018a).

Þeir sem fæddir eru og uppaldir á tilteknum stað hafa iðulega bæði sterk staðartengsl og sterka staðarsamsemd, ekki síst ef fjölskylda þeirra á þar djúpar rætur. Staðarsamsemd aðfluttra íbúa er oft talsvert veikari en almenn staðartengsl þeirra, en bæði staðartengsl og staðarsamsemd aukast eftir því sem fólk býr lengur á viðkomandi stað (Albertína F. Elíasdóttir, 2012). Á Akureyri, Dalvík og Húsavík töldu innfæddir íbúar sig almennt vera Akureyringa, Dalvíkinga

eða Húsvíkinga og sama máli gegnir um þrjú af fimm þeirra sem búið höfðu á viðkomandi stað í meira en tuttugu ár (Þóroddur Bjarnason, 2018a). Hlutfallið lækkaði jafnt og þétt með styttri búsetu og aðeins eitt af fjórum þeirra sem búið höfðu á viðkomandi stað í fimm ár eða minna töldu sig vera heimafólk.

Staðarkennd og staðartengsl geta haft mikilvæg áhrif á búsetuánægju og byggðafestu, jafnframt því sem brottfluttir íbúar með sterkt tengsl við heimabyggð geta verið mikilvægir bakhjarlar lítilla samfélaga (Albertína F. Elíasdóttir, 2012; Þóroddur Bjarnason, 2018a). Unglingar sem eru aldir upp í litlum samfélögum eru líklegri til að vilja búa þar áfram og sterk staðarsamsömun eykur jafnframt líkurnar á því að þau ætli að vera um kyrrt (Valdimar Briem og Tinna K. Halldórsdóttir, 2011; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006).

Mikill meirihluti íbúa smærri bæja og þorpa utan höfuðborgarsvæðisins hafa sterk staðartengsl og slík tengsl hafa mikið forspárgildi um fyrirætlanir um að flytja á brott eða vera um kyrrt (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Þá vekur athygli að meðal þeirra sem ætla að vera um kyrrt nefna fleiri þætti á borð við hreint loft, kyrrð og ró og litla hættu á afbrotum en atvinnu sína eða fjölskyldutengsl. Meðal íbúa á Norðurlandi var ánægjan með búsetu mest meðal innfæddra og þeirra sem flust höfðu á viðkomandi stað fyrir meira en tuttugu árum (Þóroddur Bjarnason, 2018a). Skýra mátti lægri búsetuánægju þeirra sem búið höfðu skemur í þessum byggðarlögum með viðhorfum á borð við almennt traust, samsömun með öðrum íbúum og staðarsamsemd.

Í þessu sambandi er mikilvægt að halda því til haga að staðarsamsemd veltur að hluta til á viðurkenningu annarra. Sterk, samheldin samfélög eru oft treg til að viðurkenna aðflutta sem heimafólk og geta sýnt þeim takmarkað umburðarlyndi sem standa höllum fæti eða skera sig með einhverjum hætti úr hópnum (Þóroddur Bjarnason, 2018a). Þannig eru dreifbýl samfélög oft talin vera erfiður búsetukostur fyrir þá sem koma þangað alls ókunnugir og búsetuánægja aðfluttra er oft minni en innfæddra (Valdimar Briem og Tinna K. Halldórsdóttir 2011; Þóroddur Bjarnason, 2018a). Þau sem viðurkennd eru sem heimafólk geta í krafti aukins eignarhalds á staðnum gert kröfur til áhrifa í málefnum samfélagsins og notið margvíslegra efnahagslegra og félagslegra forréttinda á borð við forgang að vinnu eða húsnæði, betri viðskiptakjara eða virkari þátttöku í félagslífi staðarins (Þóroddur Bjarnason, 2018a). Jafnvel fólk sem flutti til viðkomandi staða sem börn kann að hika við að kalla sig heimafólk, en lengd búsetu skiptir þó máli í því sambandi (Þóroddur Bjarnason, 2018a). Einnig geta margvíslegir þættir á borð við efnahagslega og félagslega stöðu, hjónabönd og önnur persónuleg tengsl við innfædda íbúa og félagslega færni haft áhrif staðarsamsemd og viðurkenningu annarra íbúa.

Fólk er almennt ólíklegra til að ílengjast þar sem það er ekki velkomið eða upplifir sig ekki sem fullgildan hluta samfélagsins. Þetta kann til dæmis að eiga við um fólk af erlendu uppruna sem oft finnur fyrir einangrun og neikvæðum viðhorfum (Kristín Loftsdóttir, 2017; Unnur D. Skaptadóttir, 2015b; Unnur Dís Skaptadóttir og Erla S. Kristjánsdóttir, 2017; Unnur D. Skaptadóttir og Ólöf Júlíusdóttir, 2011; Þóroddur Bjarnason, 2018a). Þá hafa gamaldags viðhorf til jafnréttismála og strangt óformlegt aðhald minni samfélaga verið talin ýta undir brottflutninga kvenna, ungs fólks og samkynhneigðra frá minni samfélögum (Árni Ragnarsson, 2017; Elín G. Karlsdóttir, 2012; Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005). Þannig sögðu um einn af hverjum fimm svarendum sem ætluðu að flytja frá smærri byggðarlögum á næstu 2–3 árum að umtal eða slúður skipti miklu máli í því sambandi og um einn af hverjum tíu sagði að gamaldags kynjaviðhorf skiptu miklu máli fyrir brottflutning sinn (Þóroddur Bjarnason o.fl.

2019). Með svipuðum hætti má búast við því að aðkomufólk sem aldrei öðlast viðurkenningu sem heimafólk taki minni þátt í daglegu lífi samfélagsins og sé líklegra til að flytjast á brott.

## Umgjörð daglegs lífs

Heimili fólks og næsta umhverfi þess skapar umgjörð utan um flesta þætti daglegs lífs. Fólk sækir atvinnu og margvíslega þjónustu frá heimili sínu og félagsleg tengsl mótast að hluta af staðsetningu heimilis og þeim möguleikum á samskiptum sem þar eru í boði. Gæði, kostnaður og staðsetning húsnæðis gagnvart atvinnu og þjónustu hafa þannig áhrif á búsetuánægju, en manngert, félagslegt og náttúrulegt umhverfi þess getur einnig skipt einnig miklu máli. Þannig sækist fólk almennt eftir því að búa í ánægjulegu umhverfi þótt umtalsverður munur geti verið milli einstaklinga á því hvað í því felst.

Gera má ráð fyrir að húsnæði, manngert umhverfi og náttúra muni í framtíðinni hafa vaxandi áhrif á búsetu og byggðapróun. Fram til þessa hefur fólk almennt þurft að búa þar sem atvinna og þjónusta er í boði en með yfirstandandi tæknibyltingu má gera ráð fyrir því að fólk geti í vaxandi mæli valið lífi sínu þá umgjörð sem hver og einn óskar sér. Það er áhugaverð spurning hver byggðapróun muni verða í framtíðinni ef fólk getur í auknum mæli valið sér búsetu eftir því hvaða umgjörð það kys fyrir daglegt líf sitt fremur en hvar störf og þjónusta sem það sækist eftir eru staðsett. Í því geta í senn falist ógnanir og tækifæri fyrir dreifðari byggðir landsins.

### *Húsnæði*

Ánægja með búsetu tengist því húsnæði sem einstaklingar hafa til umráða (Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012; Stefán Ólafsson, 1997; Vífill Karlsson og Grétar Þ. Eyþórsson, 2009). Húsnæðisverð er yfirleitt hæst þar sem tækifæri til atvinnu og þjónustu eru mest og í mörgum tilvikum stendur fólk frammi fyrir vali milli kostnaðar, gæða og staðsetningar húsnæðis. Þannig hefur fólksfjölgun á suðvestursvæðinu meðal annars verið skýrð með skorti á íbúðarhúsnæði og hlutfallslega háu húsnæðisverði á höfuðborgarsvæðinu (Arion banki, 2017; Íslandsbanki, 2017). Þótt vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins sé mikilvæg fyrir nálæg byggðarlög er langt frá því að slík vinnusókn sé helsti atvinnuvegur íbúa suðvestursvæðisins (Þóroddur Bjarnason og Sigríður E. Þórðardóttir, 2018). Flestir á suðvestursvæði landsins sækja vinnu í heimabyggð og víðast hvar sækja fleiri vinnu til annarra byggðarlaga á sama landsvæði en til höfuðborgarsvæðisins. Á öllu Suðvestursvæðinu frá Akranesi um Suðurnes að Árborg er vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins um og yfir 10% af vinnumarkaði en slík vinnusókn yfir 20% er bundin við þrengri hring frá Akranesi um Voga á Vatnsleysuströnd að Hveragerði.

Utan áhrifasvæðis Reykjavíkur getur lágt húsnæðisverð talist til búsetugæða fyrir kaupendur en ekki er þó ljóst hvaða áhrif það hefur á ákvarðanir um búferlaflutninga milli landsvæða. Hugsanlegt er að lægra húsnæðisverð geti ásamt möguleikum til atvinnu, kringumstæðum fjölskyldunnar og óskum um breyttan lífsstíl ýtt undir búferlaflutninga frá höfuðborgarsvæðinu til byggðarlaga í fjarlægum landshlutum. Þá má einnig vera að hátt fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi letjandi áhrif á aðflutninga fólks frá öðrum landshlutum sem yrði að velja milli færri fermetra og hærri húsnæðiskostnaðar annars vegar og umtalsverðs tíma og kostnaðar við ferðir til og frá vinnu hins vegar. Þrír af hverjum fjórum íbúum smærri byggðakjarna utan höfuðborgarsvæðisins segja að húsnæðið sem þau búa í skipti þau frekar eða mjög miklu máli (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Meðal þeirra sem ætluðu að vera um kyrrt

sögðu 67% að húsnæði sitt skipti miklu máli í því sambandi og 25% til viðbótar að það skipti nokkru máli.

Mjög lágt fasteignaverð getur hins vegar einnig skapað margvísleg vandamál í fámennari byggðarlögum. Þannig getur skapast vítahringur þar sem veikur fasteignamarkaður fælist væntanlega kaupendur með takmörkuð fjárráð frá því að kaupa íbúðarhúsnæði sem erfitt gæti reynst að selja ef aðstæður þeirra breytast. Jafnframt getur fjármögnun húsnæðiskaupa verið erfið á svæðum þar sem lánastofnanir meta það áhættusamt að taka veð í fasteignum (Sara L. Arnarsdóttir, 2016; Vífill Karlsson, 2010). Á svæðum þar sem fasteignaverð er mjög lágt getur eftirspurn eftir leiguhúsnæði því verið mikil og leiguverð hlutfallslega hátt (Þórný Barðadóttir, 2013). Samgöngubætur stuðla að auknu virði húsnæðis í nágrenni stærri þéttbýliskjarna en slík áhrif geta þó komið fram í auknum fjölda seldra eigna fremur en hækkuðu verði (Vífill Karlsson, 2010). Þannig kann fasteignaverð undir byggingarkostnaði að hafa náð ákveðnu lágmarki þar sem eigendur vildu fremur láta eignir standa ónotaðar eða hafi nýtt þær sem frístundahúsnæði. Með bættum samgöngum getur raunverulegt virði þeirra aukist og þær því fremur selst á ásettu verði.

Á undanförunum árum hefur frístundabúseta fæst mjög í vöxt á svæðum þar sem hægt er að kaupa ódýrt húsnæði í áhugaverðu umhverfi. Slíkri frístundabúsetu geta fylgt bæði kostir og gallar fyrir viðkomandi samfélög (Edward H. Huijbens, 2010, 2012, 2015; Vífill Karlsson, 2017). Eigendur frístundahúsa greiða fasteignagjöld og kaupa oft margvíslega þjónustu í viðkomandi byggðarlögum. Þannig geta til dæmis matvöruverslanir, veitingastaðir og iðnaðarmenn af ýmsu tagi notið góðs af frístundahúsum vel stæðra eigenda. Í byggðarlögum þar sem hús eru yfirgefin og grotna niður er því jafnframt oft vel tekið að utanaðkomandi aðilar séu tilbúnir til að gera slík hús upp sem frístundahús. Á hinn bóginn getur mikill fjöldi frístundahúsa sem stendur mannlús stóran hluta ársins dregið mjög þróttinn úr bæjarlífi. Jafnframt getur mikill fjöldi frístundahúsa leitt til húsnæðisskorts, sérstaklega á svæðum þar sem fasteignaverð er undir byggingarkostnaði og ný hús eru því ekki byggð í stað þeirra sem orðin eru frístundahús.

Almennt virðist ekki vera mikill áhugi fyrir slíkri frístundabúsetu í smærri byggðarlögum, og í könnun meðal íbúa bæja og þorpa utan höfuðborgarsvæðisins voru aðeins 13% frekar eða mjög sammála því að hvetja ætti fleiri til að kaupa sér frístundahús í byggðarlöginu (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Mikill munur getur þó verið á milli byggðarlaga hvað þetta varðar.

### *Umhverfi*

Margvíslegir umhverfisþættir geta haft áhrif á búsetuánægju og búferlaflutninga og mikilvægi þeirra getur verið mismunandi eftir aðstæðum og viðhorfum fólks. Jafnframt geta mismunandi þættir skipt máli á einstökum æviskeiðum. Þannig getur fjölbreytt stórborgarlíf í manngerðu umhverfi höfðað til sumra með þeim hraða, áreiti og ópersónulegu samskiptum sem slíku samfélagi fylgja. Aðrir kjósa sér einfaldara líf í dreifbýli með meiri nálægð við náttúruna, kyrrð og ró og persónulegri tengslum við aðra. Á milli þessara andstæðna má svo finna margvíslega búsetukosti sem sameina ákveðna umhverfisþætti á kostnað annarra.

Eðli málsins samkvæmt er manngert umhverfi stærri hluti af daglegu lífi fólks í þéttbýli en dreifbýli og borgarabúar þurfa oft að fara langar leiðir til að upplifa kyrrð og einsemd. Ekki er þó alltaf auðvelt að greina milli manngerðs umhverfis og náttúru, enda hefur maðurinn sett mark sitt á flesta þætti náttúrunnar (Gísli Pálsson, 1996; Húgrún H. Reynisdóttir og Gunnar Þ. Jóhannesson, 2016; Rannveig Ólafsdóttir o.fl., 2016; Þorvarður Árnason, 2004). Mikilvægi þess

að hafa greiðan aðgang að náttúrunni í daglegu lífi hefur ekki verið kannað meðal Íslendinga, né heldur er ljóst að hvaða marki íbúar landsins telja „náttúruna“ felast í óbyggðum og lítt snortnu víðerni, þjóðgörðum, landbúnaðarhéruðum, almenningsgörðum eða jafnvel húsagörðum.

Í almennri umræðu um byggðamál er stundum gengið út frá því að íbúar dreifðari byggða leggi megináherslu á nýtingu náttúrunnar til orkuöflunar, fiskeldis eða byggingar samgöngumannvirkja en talsmenn náttúruverndar sé einkum að finna á höfuðborgarsvæðinu. Það er vitaskuld ekki einhlítt, enda er jafnvægi milli verndar og nýtingar náttúrunnar úrlausnarefni í öllum samfélögum. Í mörgum smærri samfélögum er náttúruskilningur og náttúrutengsl heimafólks einn lykilþátturinn í samlífi samfélags og náttúru (Hugrún H. Reynisdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson, 2016). Samgöngubætur, raforkuöryggi og atvinnusköpun skipta máli um land allt en náttúruspjöll koma einnig mest niður á þeim sem næst þeim búa. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að fleiri íbúar smærri bæja og þorpa nefna náttúruna en samfélagið sem mikilvægan þátt staðartengsla sinna (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019). Alls segja 61% svarenda náttúru staðarins skipta sig mjög miklu máli og 21% til viðbótar segja hana skipta sig frekar miklu máli.

Óþægindi af umferð og umferðaröryggi eru meðal þeirra þátta sem áhrif hafa á ánægju með búsetu (Sigríður K. Þórgrímsdóttir, 2012; Stefán Ólafsson, 1997; Vífill Karlsson og Grétar Þ. Eyþórsson, 2009). Eðli málsins samkvæmt eru hávaði, mengun og önnur óþægindi af umferð mest þar sem umferðin er þyngst. Víða erlendis eru slík óþægindi ein ástæða þess að fjölskyldur flytja úr borgum til úthverfa eða nálægra byggðarlaga (Stefán Ólafsson, 1997). Hér á landi virðast umkvartanir vegna umferðartafa vegfarenda þó hafa verið háværi en kvartanir um umferðarhávaða eða mengun í íbúðahverfum. Utan höfuðborgarsvæðisins hefur jafnframt víða verið lögð áhersla á að láta þjóðveginn liggja um aðalgötur bæja og þorpa. Ekki er ljóst hvaða áhrif umferðarhávaði og mengun vegna umferðar hafa á búsetuánægju og búferlaflutninga í þéttbýli og dreifbýli á Íslandi. Hins vegar segja 94% þeirra sem ætla að vera um kyrrt í smærri byggðarlögum að lítil umferð skipti miklu eða nokkru máli fyrir áframhaldandi búsetu sína (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019).

Hvað varðar slyshættu í umferðinni standa þéttbýli og dreifbýli frammi fyrir nokkuð mismunandi vandamálum. Flest slys á hvern km verða á umferðarþyngstu vegunum til og frá höfuðborgarsvæðinu, en þeir vegir eru jafnframt öruggastir fyrir vegfarendur á hvern ekinn kílómetra (Þóroddur Bjarnason og Sveinn Arnarsson, 2012). Slysatíðni á hvern ekinn km er hins vegar mest á strjálbýlum svæðum á norðausturhorni landsins, norðanverðu Snæfellsnesi og á Vestfjörðum, þar sem umferð er tiltölulega lítil og slys því tiltölulega fá. Stór hluti ökumanna sem þurfa að fara yfir fjallvegi finnur jafnframt fyrir óþægindum eða kvíða við akstur að vetrarlagi (Sigrún Þorsteinsdóttir, 2016; Þóroddur Bjarnason, 2015). Konur eru sérstaklega líklegar til að láta slíkan ótta í ljós í könnunum, hvort sem það endurspeglar raunverulegan kynjamun eða tregðu karla til að láta slíkan ótta í ljós.

Í rannsókn Stefáns Ólafssonar (1997) reyndist ótti við afbrot mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Óttinn var næstmestur á Suðurnesjum en lítill á öðrum landsvæðum. Síðari rannsóknir hafa staðfest að ótti við afbrot er mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en utan þess, sérstaklega meðal kvenna (Jónas O. Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2012; Sædís J. Jónsdóttir, Rannveig Þórisdóttir og Helgi Gunnlaugsson 2015). Íbúar höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja eru talsvert öruggari eftir myrkur í sínu hverfi eða byggðarlagi og eru líklegri til að hafa á síðasta

ári lent í aðstæðum þar sem þeir óttuðust að verða fyrir afbroti (Ríkislögreglustjóri, 2016). Íbúar höfuðborgarsvæðisins skera sig jafnframt frá öðrum landsmönnum hvað varðar áhyggjur af eignaspjöllum og innbrotum. Athygli vekur að þetta samband helst þótt tekið sé tillit til þess hvort svarendur hafi sjálfir orðið fyrir afbrotum og bakgrunnspátta á borð við aldur, menntun og atvinnustöðu. Þess ber þó að gæta að ótti við afbrot er lítill hér á landi í samanburði við ýmis önnur Evrópulönd (Jónas O. Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2012). Engu að síður segja 94% þeirra sem ætla að vera um kyrrt í smærri byggðarlögum að lítil hætta á afbrotum skipti miklu eða nokkru máli fyrir áframhaldandi búsetu sína (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019).

Árið 1997 var ótti við náttúruhamfarir mestur á Vestfjörðum og Suðurlandi og tengdist vitaskuld minni ánægju með búsetu (Stefán Ólafsson, 1997). Þá voru tvö ár liðin frá snjóflóðunum á Súðavík og Flateyri en á Suðurlandi stóð íbúum einkum ógn af jarðskjálftum og eldsumbrotum. Á undanförmum árum hefur verið ráðist í kostnaðarsamar framkvæmdir við snjóflóðavarnir á Vestfjörðum, Tröllaskaga og Austfjörðum en ekki er ljóst hvort slíkar framkvæmdir hafa haft áhrif á búsetuánægju eða áform um búferlaflutninga. Með svipuðum hætti er ekki ljóst hvort bætt forspá um jarðskjálfta og eldgos muni hafa áhrif á búsetuþróun á Íslandi.

## Umræða

Upphaf félagsfræðinnar á 19. öld má rekja til þeirra efnahagslegu, félagslegu og pólitísku umbyltinga sem þá gengu yfir Evrópu. Frumkvöðlar félagsfræðinnar leituðu skýringa á upplausn aldagamallar samfélagsgerðar og reyndu að rýna í framtíð samfélaga sinna. Samanburður við fortíðina var lykilatriði í þessu mótunarferli félagsfræðinnar, hvort sem áhersla var lögð á t.d. framleiðsluhætti kapítalismans í samanburði við framleiðsluhætti lénsveldisins (Marx, 1848), viðskiptatengsl fólks í nútímasamfélaginu í samanburði við persónuleg tengsl bændasamfélagsins (Tönnies, 1887), lífræna samstöðu þéttra nærsamfélaga í samanburði við vélræna samstöðu þéttra nærsamfélaga (Durkheim, 1893) eða regluveldi samtímans í samanburði við hefðarvald fyrri tíma (Weber, 1922).

Aðstæður á Íslandi við landnám félagsfræðinnar á áttunda áratug tuttugustu aldar voru vitaskuld ólíkar aðstæðum í Evrópu hundrað árum fyrr. Vestræn iðnaðarsamfélög höfðu þá tekið á sig skýra mynd og það hafði vestræn félagsfræði einnig gert. Samanburður íslensks nútímasamfélags við önnur vestræn samfélög og yfirfærsla kenninga og rannsóknahéða félagsfræðinnar á íslenskan veruleika voru mikilvægustu verkefni fyrstu íslensku félagsfræðinganna, sem flestir voru menntaðir á Norðurlöndunum, í Bretlandi eða í Bandaríkjunum (Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson, 2017). Samanburður nútímasamfélagsins við þúsund ára sögu sjálfspurftarbúskapar á Íslandi var fyrstu kynslóð íslenskra félagsfræðinga því ekki ofarlega í huga og íslenskar landsbyggðir voru næsta ósýnilegar í íslenskri félagsfræði fyrstu áratugina.

Segja má að íslensk byggðafélagsfræði hafi byrjað að mótast á mörkum félagsfræðinnar og annarra fræðigreina. Á níunda og tíunda áratug síðustu aldar beindist athygli íslenskra félagsfræðinga og mannfræðinga þannig að sjávarútvegi og sjávarbyggðum landsins. Þar má sérstaklega nefna deilur um áhrif áhafnar og tækni á aflabrögð fiskiskipa (Gísli Pálsson, 1989, 1998; Gísli Pálsson og Agnar Helgason, 1995; Gísli Pálsson og Paul E. Durrenberger, 1982; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1993, Þórólfur Þórlindsson, 1988, 1994) og rannsóknir á stöðu fiskverkakvanna í íslenskum sjávarbyggðum (Guðbjörg L. Rafnsdóttir og

Unnur D. Skaptadóttir, 1997; Unnur D. Skaptadóttir, 2000a, 2000b, Unnur D. Skaptadóttir og Guðbjörg L. Rafnsdóttir, 2000). Undir lok 20. aldar gerði Stefán Ólafsson (1997) jafnframt rannsókn á orsökum búferlaflutninga þar sem hann reifaði ýmsar helstu kenningar byggðafélagsfræðinnar og setti í íslenskt samhengi. Sú tímamótarannsókn hafði þó fyrst um sinn minni áhrif á frekari rannsóknir innan félagsfræðinnar en hagfræðinnar (Axel Hall o.fl., 2002; Gylfi Zoega og Marta G. Skúladóttir, 2002; Vífill Karlsson, 2004, 2012).

